

Nr. 17-032 S 022 Þórunn Sveinsdóttir VE 401**Fallslys**

Skipaskr.nr. 2401 IMO nr. 9463360
Útgerð: Ós ehf.
Smíðaður: Danmörku 2010, stál
Stærð: brl. 778,9 bt.
Mesta lengd: 40,06 m Skráð lengd: 35,77 m
Breidd: 11,2 m Dýpt: 7,09 m
Vél: M A K 540 kW 2009
Fjöldi skipverja: 14



Þórunn Sveinsdóttir ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. mars 2017 var Þórunn Sveinsdóttir VE 401 að togveiðum í Skeiðarárdýpi. Veður: S 10 m/s

Skipverji var að vinna í lest og stóð ofan í tómu kari en skrikaði fótur. Hann féll aftur fyrir sig og skall með hnakkann á karabrún.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð ofan á fiskikari í annarri hæð og var að færa til færiband í lestinni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.